

## Girðingarreglur Skógræktarinnar

Í 4. gr. samnings um þátttöku í skógrækt, sem gerður er milli skógareiganda og Skógræktarinnar, er gerð krafa um vörslu landsins.

Útheimti þessi krafa girðingar, skuldbindur Skógræktin sig til að greiða allt að 97% af samþykktum stofnkostnaði við girðingar vegna samningsbundinna svæða.

Eftirfarandi reglur gilda fyrir girðingar sem styrktar eru samkvæmt þessu fyrirkomulagi með framlagi Skógræktarinnar samanber 4. gr. og 5. gr. samnings um skógrækt á lögbýlum.

- Undirritaður samningur um skógrækt á milli skógareiganda og Skógræktarinnar um skógrækt á viðkomandi svæði skal liggja fyrir.*
- Friðun svæðisins fyrir beit er á ábyrgð skógareiganda, bæði að sjá til þess að girðingar haldi og að smala úr þeim þegar þörf krefur.*
- Ávalt skal gera áætlun um legu, lengd og kostnað girðingar í hverju tilviki fyrir sig m.t.t. hagkvæmstu lausna miðað við þarfir skógareiganda og Skógræktarinnar.*
- Girðingarstyrkur tekur mið af kostnaði við efniskaup og uppsetningu girðingar.*
- Kostnaður girðingar er áætlaður fyrirfram og samþykktur af Skógræktinni áður en hafist er handa. Hann er fundinn þannig:  
Miðað er við fimm strengja rafgirðingu, úr viðurkenndum efnum með hámark 10m milli staura (engar renglur) og hámark 500m milli aflstaura ásamt stagfestum á alla aflstaura. Eða netgirðingu ef rafgirðing hentar ekki. Inn í kostnað er tekið:  
i. Allt girðingarefni, þ.m.t. spennistöð og/eða rafgeyma.  
ii. Allur flutningur efnis.  
iii. Jöfnun girðingarstæðis og aksturshlið. Frágangur tenginga og jarðsamband samkv. reglum framleiðanda.  
iv. Vinna við uppsetningu girðingar skv. taxa Skógræktarinnar eða lágsta tilboði.*
- Ekki verður greiddur girðingarstyrkur á þeim svæðum sem þegar eru girt og hljóta styrk frá öðrum opinberum aðilum, t.d Landgræðslunni, Vegagerðinni eða sveitarfélögum.*
- Skógareigandi annast framkvæmd verksins að öllu leyti og eru framlög miðuð við raunkostnað án virðisaukaskatts í samræmi við samþykta áætlun skv. liðum 3, 4, 5.*
- Skógareigandi er ábyrgðarmaður girðingarinnar og ber að virða reglur Vegagerðarinnar um veghelgi og veggirðingar, og tilkynningaskyldu til Orku- og símafyrirtækja þurfi að þvera síma-, jarðsíma- eða raflínur.*
- Girðingar þurfa að uppfylla reglur girðingalaga nr. 135 frá 2001 og reglur sem tryggja óheftan umgang almennings s.s. með strönd og vatnsföllum. Auk þess skal skógareigandi tryggja almennungi frjálsta för um skógræktarlandið eftir að fyrstu stigum skógræktar er lokið, samkvæmt lögum um náttúruvernd, nr. 60 frá 2013. Verk- og vinnulýsingu ber að miða við kröfur sem gerðar eru varðandi framkvæmd og vinnubrögð um frágang girðinga Vegagerðarinnar*

[http://www.vegagerdin.is/Vefur2.nsf/Files/Veggirdingar\\_utg3/\\$file/Veggirdingar\\_III-leidb-vinnulysingar.pdf](http://www.vegagerdin.is/Vefur2.nsf/Files/Veggirdingar_utg3/$file/Veggirdingar_III-leidb-vinnulysingar.pdf)

10. Viðhald girðinga er á ábyrgð og kostnað skógareiganda og skal hann ávalt viðhalda girðingunni þannig að hún gagnist til friðunar skógarins. Komi til verulegra skemmda á girðingu, s.s. vegna snjóflóða, þannig að samsvari því að reisa þurfi girðingu á ný, má sækja um girðingarstyrk til Skógræktarinnar fyrir því og fer þá um kostnaðarmat skv. 5. lið.
11. Niðurrif girðingar þegar hlutverki hennar er lokið er á ábyrgð og kostnað skógareiganda.

Reglur þessa gilda um nýjar jarðir með skógræktarsamninga. Eldri kerfi gömlu landshlutaverkefnanna haldast óbreytt þar til samningar eru endurnýjaðir.

*Samþykkt í janúar 2019*